

1998 nr. 28 8. apríl**Lög um verslunarátvinnu**

Tóku gildi 1. janúar 1999. *Breytt með* 1. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), 1. 76/2002 (tóku gildi 17. maí 2002), 1. 94/2002 (tóku gildi 1. des. 2002), 1. 117/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006; *EES-samningurinn*: XVII. viðauki tilskipun 2001/84/EB), 1. 108/2006 (tóku gildi 1. nóv. 2006 skv. augl. C 1/2006), 1. 24/2007 (tóku gildi 29. mars 2007), 1. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), 1. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), 1. 77/2011 (tóku gildi 29. júní 2011), 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og 1. 51/2014 (tóku gildi 31. maí 2014 nema 3. og 4. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Lög þessi taka til verslunar í atvinnuskyni hvort sem hún er gerð fyrir eigin reikning eða reikning annars manns eða í eigin nafni eða í nafni annars manns.

□ Með orðinu verslun er átt við hvers kyns milligöngu um yfirfærslu á beinum eignarrétti að lausafé.

□ Lög þessi taka þó ekki til sérákvæða annarra laga sem setja sérstök skilyrði varðandi tilteknar vörur eða tilteknar atvinnugreinar.

□ [Verði ágreiningur um hvort um verslun fari samkvæmt lögum þessum sker skráningaraðili samkvæmt lögum um úrskurð til [ráðuneytisins]¹⁾ innan þrjátíu daga frá því að kæranda berst tilkynning um úrskurð firmaskrárritara. Úrskurður ráðuneytisins skal liggja fyrir innan þrjátíu daga frá því að kæra er móttækin.

¹⁾ L. 94/2002, 1. gr. ²⁾ L. 126/2011, 262. gr.

■ **2. gr.** [Til að stunda verslun á Íslandi eða í íslenski landhelgi skal uppfylla skilyrði laga þessara og atvinnustarfsemin skal skráð í samræmi við löggjöf um skráningu firma, hlutfélaga og einkahlutfélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana, eftir því sem við á.]¹⁾

¹⁾ L. 94/2002, 2. gr.

■ **3. gr.** Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

föst starfsstöð: húsnæði eða annað rými þar sem rekin er, staðbundið og reglulega, verslun í atvinnuskyni,

hreyfanleg starfsstöð: rými sem er færanlegt og þar sem rekin er reglulega verslun í atvinnuskyni, svo sem bifreiðar og dráttarvagnar,

markaður: verslun í atvinnuskyni sem fram fer utan fastrar starfsstöðvar, hvort heldur sem er innan eða utan húss (sala á torgum),

farandsala: verslun í atvinnuskyni utan fastrar starfsstöðvar, þar með taldar hreyfanlegar starfsstöðvar og markaðir,

sjálfsali: tæki sem notað er til verslunar og afhendingar vöru gegn endurgjaldi.

II. kafli. Almenn skilyrði fyrir rétti til að stunda verslun.

■ **4. gr.** [Skylt er að skrásetja verslun, sem stunduð er skv. 1. gr. laga þessara, í firmaskrá, hlutfélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða skrá á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir, eftir því sem við á.]¹⁾

□ Dánarbú eða gjaldþrotabú hefur rétt til að stunda áfram verslun í samræmi við ákvæði laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð.

¹⁾ L. 94/2002, 3. gr.

■ **5. gr.** Á hinni föstu starfsstöð skal vera nafnspjald með nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem hefur skráð verslunarrekstur. Sjálfsalar skulu einnig merktir með sama hætti.

Á brefsfni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum þess sem skráð hefur verslun skal greina heiti verslunar, kennitölu og heimilisfang. Sama á við um verslun með fjarskiptatækni (fjarsölu) að svo miklu leyti sem því verður við komið.

□ Ef kaupandi óskar þess er hverjum þeim sem stundar farandsölu samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim skylt að afhenda kaupanda nafnspjald með nafni, kennitölu og heimilisfangi þess sem skráð hefur verslunarrekstur.

■ **6. gr.** [Skráningaraðili samkvæmt lögum þessum lætur í té staðfestingu á því að verslun hafi verið skráð samkvæmt lögum þessum.]¹⁾

¹⁾ L. 94/2002, 4. gr.

■ **7. gr.** Að því leyti sem ekki eru sett ákvæði um það í lögum þessum skulu samþykktir sveitarstjórna gilda um réttindi og skyldur þeirra sem stunda farandsölu, hvort sem hún er stunduð í atvinnuskyni eða ekki.

III. kafli. Um sölu notaðra lausafjármuna.

■ **8. gr.** Þegar notuðum lausafjármunum er veitt móttaka til endursölu eða umboðssölu skulu þeir skráðir og verðmerktir.

■ **9. gr.** Heimilt er ráðherra með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd skráningar og varðveislu skrárinnar.

■ **10. gr.** Sá sem verslun rekur samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal jafnan sýna fyllstu aðgát við kaup og sölu notaðra lausafjármuna. Telji hann ástæðu til skal hann krefja seljanda um persónuskilríki.

□ Óheimilt er að kaupa eða veita móttöku notuðum lausafjármunum til endursölu frá ólöggráða aðila.

IV. kafli. Um sölu notaðra ökutækja.

■ **11. gr.** Ákvæði þessa kafla gilda um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja sem fram fer með eftirgreindum hætti:

1. Milliganga um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi milli-gönguadilans.

2. Sala á notuðum skráningarskyldum ökutækjum í eigu seljandans þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi hans.

□ Ákvæði þessa kafla taka ekki til nauðungarsölu notaðra ökutækja.

■ **12. gr.** [Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess leyfi sýslumanns. [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendu eins sýslumanns.]²⁾

□ ...³⁾

□ Verslun á grundvelli starfsleyfis skv. 1. mgr. skal rekin á fastri starfsstöð. Á fastri starfsstöð skal framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi fullnægja skilyrðum 1.–6. tölul. 1. mgr. 13. gr. Ákvæði 6. tölul. á þó ekki við um útibú hlutfélags eða einkahlutfélags sem hlotið hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja.

¹⁾ L. 126/2011, 262. gr. ²⁾ L. 77/2011, 2. gr. ³⁾ L. 94/2002, 5. gr.

■ **13. gr.** Leyfi skv. 12. gr. ...¹⁾ verður einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, [sbr. 2. gr.]:²⁾

1. Eru búsettir á Íslandi. [Skilyrðið um búsetu á þó ekki við um ríkisborgara og lögaðila annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga og lögaðila í Færeyjum.]¹⁾

2. Hafa náð tuttugu ára aldri.

3. Eru lögráða og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og lögum um sölu notaðra ökutækja.

4. Hafa forræði á búi sínu.

5. Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá [váttryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu á Íslandi],¹⁾ afla sér banka-tryggingar eða lagt fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur gildar og bæta viðskiptamönnum tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum sem bifreiðasalar. Nánari ákvæði um ábyrgðartrygginguna, m.a. um lágmarksfjárhæð og váttryggingarskilmála, skulu ákveðin með reglugerð.³⁾

6. Hafa sótt námskeið og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð⁴⁾ sem ráðherra ákveður. Kostnað vegna námskeiða og prófa skal greiða með kennslu- og prófgjöldum er [ráðuneytið]⁵⁾ ákveður. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði mæli sérstakar ástæður með því.

□ [Ef lögaðili á í hlut skulu allir stjórnarmenn fullnægja skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr.]¹⁾

□ Aðili sem sviptur hefur verið leyfi skv. 19. gr. skal sitja námskeið og standast prófkröfur, sbr. 6. tölul., áður en honum er veitt starfsleyfi á ný.

¹⁾ L. 77/2011, 3. gr. ²⁾ L. 94/2002, 6. gr. ³⁾ Rg. 46/2003. ⁴⁾ Rg. 45/2003. ⁵⁾ L. 126/2011, 262. gr.

■ **14. gr.** Bifreiðasali skal afla upplýsinga, sem staðfestar skulu skriflega af seljanda, um akstur og ástand skráningar-skyls ökutækis, svo og annarra þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupanna. Gögn þessi skulu fylgja afsali og skal bifreiðasali jafnframt varðveita þau í eitt ár frá söluþegi viðkomandi ökutækis.

□ Þá skal fylgja vottorð úr ökutækjaskrá sem sýnir ótvírætt að seljandi sé eigandi þess ökutækis sem selt er eða hafi umboð til sölnnar. Bifreiðasali skal staðfesta að fullnægjandi ástandslýsing, sbr. 1. mgr., fylgi ökutæki og einnig skal hann staðreyna upplýsingar um eiganda þess og hvort veðbönd hvíli á ökutækinu.

□ Ráðherra er heimilt með reglugerð¹⁾ að mæla fyrir um þær lágmarksupplýsingar sem lagðar skulu fram við sölu notaðra ökutækja og fram eiga að koma í kaupsamningi og afsali vegna sölu þeirra. Þar á meðal er ráðherra heimilt að kveða á um sérstaka skrá þar sem fram komi fyrri eigendur og tjónaferill viðkomandi ökutækis.

¹⁾ Rg. 44/2003.

■ **15. gr.** Bifreiðasali skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmatir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Bifreiðasali ber ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við sölu ökutækja sem væru þau verk hans sjálfs. Bifreiðasali skal, áður en gengið er frá afsali notaðs ökutækis, greina kaupanda með sannanlegum hætti frá þeim rétti hans að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis, svo sem faggilta skoðunarstofu eða faggilt skoðunarverkstæði. Kostnað við slíkt mat skal kaupandi greiða nema um annað verði samið.

□ Bifreiðasali skal með áberandi hætti vekja athygli á gjaldskrá fyrir söluþóknun, þar á meðal þegar um skipti á bifreið-

um er að ræða. Einnig er skylt að leyfisbréf vegna starfseminnar liggi frammi á starfsstöð.

□ Hafi bifreiðasali ástæðu til að ætla að ástandi ökutækis sé ábótavant ber honum að vekja athygli kaupanda á þeim annmarka.

■ **16. gr.** Bifreiðasali skal annast um að endanlega sé gengið frá kaupsamningi, afsali og öðrum skjölum vegna viðskipta á hans vegum og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal í kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum og skuldabréfum, hver samið hafi og greina nafn hans svo að eigi verði um villst.

□ Bifreiðasali skal ábyrgjast að tilkynning um eigendaskipti sé send ökutækjaskrá án tafar.

■ **17. gr.** Hyggist bifreiðasali, fyrirtæki er hann starfar við eða aðrir starfsmenn við sölu notaðs ökutækis selja eigið ökutæki sem kaupanda ökutæki sem þessum aðila hefur verið falið að annast sölu á skal viðskiptamanni kynnt það sérstaklega og þess jafnframt getið í kaupsamningi. Sama gildir um maka og nán skyldmenni bifreiðasala eða starfsmanna við söluna.

■ **18. gr.** Þeim einum er rétt að nefna sig bifreiðasala sem fengið hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja samkvæmt lögum þessum.

■ **19. gr.** Eftirlit með starfsemi bifreiðasala er í höndum [sýslumanns]¹⁾ í því umdæmi þar sem starfsstöð bifreiðasala er.

□ [Sýslumaður heldur skrá yfir þá sem hafa leyfi til starfsemi samkvæmt þessum kafla. [Ráðherra]²⁾ er heimilt að ákveða að skráning leyfa sé á hendi eins sýslumanns.]³⁾

□ [Nú fylgir bifreiðasali ekki lögum og reglum sem um starfsemi þessa gilda þrátt fyrir tilmæli [sýslumanns]¹⁾ eða fullnægir ekki skilyrðum laganna og skal [sýslumaður]¹⁾ þá að undangenginni aðvörðun svipta viðkomandi starfsleyfi. Ákvörðun um sviptingu starfsleyfis er unnt að skjóta til [ráðherra].²⁾ Enn fremur má leita úrskurðar dómstóla.]⁴⁾

□ Nú rekur aðili starfsemi sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum án tilskilinna réttinda og skal þá [sýslumaður]¹⁾ þegar í stað stöðva þá starfsemi, þar á meðal með lokun starfsstöðvar.

¹⁾ L. 51/2014, 12. gr. ²⁾ L. 126/2011, 262. gr. ³⁾ L. 77/2011, 4. gr. ⁴⁾ L. 94/2002, 7. gr.

V. kafli. Frjáls uppboð.

■ **20. gr.** Þeim sem hafa skráð verslunarrekstur samkvæmt lögum þessum er heimilt að selja lausafjármuni á frjálsum uppboði nema aðrar takmarkanir séu gerðar í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

□ Frjáls uppboð utan fastrar starfsstöðvar eru háð leyfi [sýslumanns]¹⁾ . . . ²⁾ Rétt er [sýslumanni]¹⁾ að synja um leyfi ef almannahagsmunir krefjast eða hann telur að skipulagi uppboðsins sé verulega áfátt. Þetta á þó ekki við frjálst uppboð á listmunum sem fram fer í öðru húsnæði en fastri starfsstöð. [[Ráðherra]³⁾ er heimilt að ákveða að leyfisveitingar verði á hendi eins sýslumanns.]²⁾

¹⁾ L. 24/2007, 20. gr. ²⁾ L. 77/2011, 5. gr. ³⁾ L. 126/2011, 262. gr.

■ **21. gr.** Sá sem ber ábyrgð á frjálsum uppboði er í kafla þessum nefndur uppboðsstjóri.

■ **22. gr.** Uppboðsstjóri mega hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

■ **23. gr.** Uppboðsstjóri skal kynna uppboðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir áður en uppboð hefst.

□ Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum, er leggjast ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um

staðgreiðslu að ræða, ásamt öðrum skilmálum sem uppboðsstjóra er skylt að geta og því hvenær ábyrgð á hinu selda flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

□ Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á honum, nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við sölu, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheildarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

□ Uppboð eru opin almenningi og skulu munir vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma fyrir uppboðið.

□ [Þegar sérstaklega stendur á getur [sýslumaður]¹⁾ veitt aðilum leyfi til að halda lokað uppboð . . .²⁾ í því skyni að styrkja viðurkennt líknarstarf og kirkjustarf, menntir, vísindi og menningu, m.a. íþróttastarfsemi. Þegar um lokað uppboð á listmunum er að ræða skal vekja sérstaka athygli á ákvæðum V. kafla laga þessara varðandi frjáls uppboð og reglugerð [hlutaðeigandi ráðherra]³⁾ um fylgiráttargjald. Jafnframt skal innheimtuaðila, Myndhöfundasjóði Íslands – Myndstefi, tilkynnt um veitingu leyfisins.]⁴⁾

□ . . .⁵⁾

□ [Uppboðsstjórar skulu ársfjórðungslega senda skilagreinar um sölu listmuna á næstliðnu tímabili, staðfestar af löggiltum endurskoðanda, til innheimtuaðila skv. [23. gr. a].⁵⁾ Skylt er þeim uppboðsstjórum, sem stunda uppboð á listmunum, að senda einnig skilagrein fyrir þau tímabil þegar engin sala fer fram hjá uppboðsstjóra nema þeir hafi sannanlega tilkynnt innheimtuaðila, Myndhöfundasjóði Íslands – Myndstefi, að þeir hafi hætt slíkum uppboðum.]⁴⁾

¹⁾ L. 24/2007, 20. gr. ²⁾ L. 77/2011, 6. gr. ³⁾ L. 126/2011, 262. gr. ⁴⁾ L. 94/2002, 8. gr. ⁵⁾ L. 117/2005, 1. gr.

■ **[23. gr. a.** Á málverk, myndir og listmuni, sem seldir eru á listmunauppboðum, skal leggja gjald er renni til listamanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum.

□ Gjaldið skal vera í íslenskum krónum og reiknast þannig:

1. 10% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar að hámarki 3.000 evrum;

2. 5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 3.000,01 evru upp í 50.000 evrur;

3. 3% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 50.000,01 evru upp í 200.000 evrur;

4. 1% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 200.000,01 evru upp í 350.000 evrur;

5. 0,5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 350.000,01 evru upp í 500.000 evrur;

6. 0,25% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar fjárhæð umfram 500.000 evrum.

□ Gjaldið skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem samsvarar 12.500 evrum.

□ Gengið skal miðað við sölugengi á söluþegi.

□ Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til styrkja eða starfslauna handa myndlistarmönnum.

□ [Hlutaðeigandi ráðherra]¹⁾ getur sett nánari reglur um fylgiráttargjald og kveðið þar á um viðurlög við brotum á reglunum, sbr. 24. gr. Um undanþágu frá virðisaukaskatti vegna sölu á listmunauppboði vísast til 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 262. gr. ²⁾ L. 117/2005, 2. gr.

VI. kafli. Viðurlög við brotum.

■ **24. gr.** [. . .¹⁾

□ Sá sem vanrækir tilkynningar til firmaskrár, hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár eða skrár á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir, eftir því sem við á, skal sæta sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Brot gegn ákvæðum IV. kafla um sölu notaðra ökutækja eða gegn 7. mgr. 23. gr. um sendingu skilagreina um sölu listmuna skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Heimilt er að krefjast þess í refsímáli að verslun verði afmáð úr einhverri framangreindra skráa, eftir því sem við á, hafi verslun framið ítrekað eða alvarlegt brot gegn ákvæðum laga er um starfsemina gilda. Í refsímáli gegn aðila, sem hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja skv. IV. kafla laga þessara, er auk þess eða einvörðungu heimilt að krefjast sviptingar þess leyfis í samræmi við ákvæði 68. gr. almennra hegningarlaga.

□ Brot á samþykktum sveitarstjórna, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

□ Nú hefur sá sem ábyrgð ber á verslun verið dæmdur til greiðslu sektar vegna brots í starfi sínu og ber lögaðilinn þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki er ákvæði í refsidómi um ábyrgð lögaðila verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá honum að dæmt sé um skyldu hans í sérstöku [sakamáli].¹⁾²⁾

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr. ²⁾ L. 94/2002, 9. gr.

VII. kafli. Gildistaka o.fl.

■ **25. gr.** [Ráðherra]¹⁾ fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um hana. Fyrir skráningu á verslun samkvæmt lögum þessum greiðist gjald til ríkissjóðs skv. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

¹⁾ L. 126/2011, 262. gr.

■ **26. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þegar útgefin verslunarleyfi koma til endurnýjunar skal skrá viðkomandi verslunarstarfsemi hjá [skráningaraðila]¹⁾ í samræmi við ákvæði laga þessara. Skráningu á verslunarstarfsemi skal lokið innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

¹⁾ L. 94/2002, 10. gr.